



Vistvænar samgöngur - vegvísir

Ráðuneyti: Innviðaráðuneyti

Dagsetning: 21.03.2023

1. Úrlausnarefni

Ríkisstjórnin setur loftslagsmál í forgang í stjórnarsáttmála og eru markmið íslenskra stjórnvalda metnaðarfull. Draga á úr losun gróðurhúsalofttegunda um 55% eða meira til ársins 2030 miðað við losun árið 2005. Þá skulu efldar aðgerðir í kolefnisbindingu og landnotkun sem miða að því að ná markmiði um kolefnishlutleysi árið 2040, sbr. 1. gr. laga um loftslagsmál nr. 70/2012. Árið 2040 skal fullum orkuskiptum náð og þannig skal Ísland verða óháð jarðefnaeldsneyti fyrst ríkja. Ísland er aðili að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og þátttakandi í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda til ársins 2030 miðað við árið 1990.

Á árunum 2005 – 2020 var um þriðjungur af losun gróðurhúsalofttegunda á beinni ábyrgð Íslands vegna samgangna. Framreikningar Umhverfisstofnunar á losun gróðurhúsalofttegunda sýna að frekari aðgerða er þörf til að uppfylla metnaðarfull markmið um samdrátt í losun. Vegvísir um vistvænar samgöngur til 2030 verður því settur fram til að vinna að frekari aðgerðum í samdrætti í losun frá samgöngum til að vinna að því markmiði að Ísland standi við skuldbindingar sínar og uppfylli sjálfstæð markmið.

2. Markmið

Vegvísir að vistvænum samgöngum á Íslandi til ársins 2030 mun innihalda skilgreindar tímasettar aðgerðir sem miða að því að markmiðum um 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda miðað við stöðu 2005 verði náð.

Í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum er áhersla lögð á orkuskipti í samgöngum á landi, í lofti og á sjó og breyttar ferðavenjur samhliða innviðauppbýggingu fyrir nýja orkugjafa og útfösun jarðefnaeldsneytis með það að markmiði að fullum orkuskiptum verði náð eigi síðar en 2040. Nauðsynlegt er að bregðast hratt við losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum og samgöngumannvirkjum eigi markmið Íslands í loftslagsmálum að nást sem og markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

Viðfangsefni vegvísar verður orkuskipti í samgöngum, þ.m.t. samgöngutæki, eldsneyti og uppbygging innviða sem og leiðir til að draga úr kolefnisspori vegna uppbyggingar og reksturs samgöngumannvirkja. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni eru höfð að leiðarljósi.

3. Lýsing

Verkefnið felur í sér að taka saman upplýsingar um losun frá samgöngum og samgöngumannvirkjum hér á landi, greina stöðu orkuskipta í samgöngum og vinna tillögu að vegvísi að vistvænum samgöngum á Íslandi til ársins 2030 með skilgreindum tímasettum aðgerðum sem miði að því að markmiðum um 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum miðað við stöðu 2005 verði náð árið 2030.



Horft verður til opinberra stefna, áætlana og aðgerða og árangurs þeirra svo sem aðgerðaáætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum þar sem 16 af 50 aðgerðum snúa að samgöngum, aðgerðaáætlunar um orkuskipti, landsskipulagsstefnu, samgönguáætlunar, byggðaáætlunar, Byggjum grænni framtíð, húsnæðisstefnu og sóknaráætla landshluta. Þá verður aflað bestu fánlegu gagna um stöðu losunar gróðurhúsalofttegunda vegna samgönguinnviða, jafnt innlendar rannsóknir sem og erlendar fyrirmyndir.

Lokaafurðir verkefnisins verða grænbók þ.e. stöðugreining, hvítbók og vegvísir að vistvænum samgöngum með skýrri áætlun um hvernig hagaðilar og samfélagið allt geti unnið að samdrætti í losun og stuðlað að minni umhverfisáhrifum samgangna. Lögð verður fram tillaga um þann farveg sem aðgerðaáætlunin þarf að fara í, til að tryggja innleiðingu hennar

4. Samráð

Stýrihópur hefur verið skipaður með fulltrúum Isavia, Samgöngustofu, Vegagerðinni, Orkustofnun, innviðaráðuneyti og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Helstu hagaðilar eru ráðuneyti og stofnanir sem heyra undir málaflokkinn, t.a.m. Isavia, Samgöngustofa, Vegagerðin, Orkustofnun, Skipulagsstofnun, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Umhverfisstofnun sem og Loftslagsráð. Einnig sveitarfélög, hafnarsamlög, rekstraraðilar almenningssamgangna, Græna orkan, Grænni byggð, eigendur hleðsluinnviða, SA, Samorka, SAF, SFS, SI, Bílgreinasambandið, rafbílambandið.

Fyrirhugað er að nýta samráðsgátt stjórnvalda og samráð verður haft við aðila sem málið varðar sérstaklega. Einnig er fyrirhugað opið samráð.